



Til Hverfisráða í Ísafjarðarbæ

Ísafjörður, 7. apríl 2017
Rt.2017020091

Græn vika í Ísafjarðarbæ, mánadagur 22. til laugadagur 27. maí 2017

Ísafjarðarbær hefur forgöngu um græna viku í samvinnu við íbúa, skóla og fyrirtæki. Markmiðið er að gera Ísafjarðarbæ að enn fallegri og skemmtilegri bæ, íbúum sínum til sóma.

Til að ná því markmiði munu leikskólar, grunnskólar og aðrar stofnanir bæjarins taka þátt. Einnig verður, líkt og í fyrra, leitað til íbúa, hverfaráða og fyrirtækja í bænum og vonast til að allir leggist á eitt um að taka til og fegra umhverfi Ísafjarðarbæjar. Starfsmenn Ísafjarðarbæjar munu aðstoða þátttakendur með því að taka við rusli sem tínt hefur verið saman og koma því í endurvinnslu eða urðun.

Aðilar munu sjálfir skipuleggja átak þar sem tekið er til hverfinu, í kringum fyrirtækið eða skólann.

Þetta þarf hinsvegar að vera skemmtilegt! Það er upplagt að skipuleggja uppskeruhátíð að loknu góðu dagsverki. Hvernig líst þínu hverfisráði á að gera eitthvað í tilefni grænnra viku þar sem niðurstaðan verður fegurri og umhverfisvænni bær sem mun blómstrandi taka á móti sínum gestum á sumri komandi?

Ísafjarðarbær leggur til ruslapoka, hanska og gáma fyrir þetta átak, en nauðsynlegt er að upplýsa umhverfisfulltrúa um dagsetningu, tíma, staðsetningu o.s.frv. til að skipuleggja átakið.

Email: umhverfisfulltrui@isafjordur.is eða S: 450 8000

Virðingarfyllst,

Ralf Trylla

-umhverfisfulltrúi-